

LÍFERNISFRÆÐIPÁTTUR

I

Veturinn fyrir stúdentspróf 1891 vorum við sjöttubekk-
ingarnir einu sinni sem oftar allir samankomnir í því
kennsluherberginu, sem skemmtilegast var, og raunar hluti
af hinum sögulega hátíðarsal skólans. Sagði þá einhver, að
hann hefði frétt, að einn af skólabræðrum okkar, sem þá
hafði verið nokkur ár við nám í Kaupmannahöfn, hefði
fengið veiki, sem nefnd væri lekandi. Mun þetta heldur hafa
þótt hlátursefni, en að til leiðra tíðinda væri talið. En ég held
mér sé óhætt að segja, að enginn af oss, sem þarna vorum
samankomnir — og meiri hlutinn átti þó, eftir nokkra
mánuði, að vera kominn til Hafnar til háskólanáms — hafi
haft nokkra ljósa hugmynd um, hvað þessi veiki væri, sem
nefnd var þessu hlægilega nafni, og hvort þar gæti ekki
verið um eitthvað mjög hættulegt og alvarlegt að ræða.

Það voru fleiri en við sjöttubekkingar Latínuskólans
1890—91, sem ótrúlega ófróðir voru um þessi efni. Því að
það mun varla of sagt, að á þeim tímum væri það nálega
talið sjálfsagt, að almenningur vissi sem allra minnst um
samræðissjúkdóma. Að fara að fræða um þessi efni, t. d. í
blöðunum eða tímaritum, sem ætluð voru almenningu, hefði
þótt stappa nærrí ósiðsemi. Og svo var fáfræðin megn, að
ekki allfáir munu hafa ímyndað sér, að slík veikindi gæti
leitt af samförum heilbrigðra elskenda; það væri nokkurs-
konar refsidómur, sem fylgt gæti þeim unaði, sem ástin
veitir. Virðist mjög líklegt að þessi vitlausa ímyndun muni
hafa staðið í nokkru sambandi við þá kenningu miðalda-
kirkjunnar, að hin alvarlegustu ástaratlot manns og konu,
væri í eðli sínu synd, sem Guð hefði jafnvel sérstaka van-

þóknun á. Og að vísu mun elda eftir af þessari kenningu ennþá, því að það eru ekki mörg ár síðan ég sá gáfaðan prest komast svo að orði í blaðagrein — og það jafnvel eins og um væri að ræða það, sem allir vissu — að hver maður væri „getinn í synd“.

II

Það er nú orðið langt síðan horfið var frá þessari þögn um efni, sem einmitt svo mikið ríður á að vera ekki ófróður um. Og vitanlega eru það læknarnir, sem best er trúandi til að veita þann fróðleik, sem þörf er á. Og eitthvert sinn fyrir ekki allskömmu, er ég hafði lesið blaðagreinar um þessi efni eftir two íslenska lækna, kom mér í hug, að ég hafði fyrir mörgum árum öðlast nokkra þekkingu — af tilviljun, að heita má — sem mér virtist sem einhverjum mundi, ef til vill geta að liði orðið og því ekki rétt að þegja yfir. Lagðist ég þó undir höfuð að gera þetta, og mundi ekki mótmæla, ef einhver teldi ámælisvert. Og ætla ég nú að bæta úr þessu, svo að samviska míni láti mig alveg í friði hérefstir, að því er þetta snertir.

Eftir að ég hafði lokið embættisprófi í náttúrufræði, gekk ég eitt ár á læknaskólann hér í Reykjavík. Tilgangurinn var að vísu ekki sá, að fara að verða læknir, en mér hafði á háskolanámsárum mínum verið dýrafræðin allt að því eins mikið áhugaefni og jarðfræðin, og nú sá ég, að ég gat hér á læknaskólanum átt þess kost að öðlast nokkru meiri þekkingu í líffærafræði og lífeðlisfræði — aðalnámsgreinum læknastúdentanna fyrsta árið — en mér hafði hlutnast sem náttúrufræðistudent í háskólanum. Og að vísu tel ég þeim tíma, sem fór til þessarar læknaskólagöngu minnar, vel varið. Var sá fróðleikur, sem ég öðlaðist á þessu ári, mér á ýmsan hátt mikilsverður, að því ógleymdu, að ég kynntist betur en ella mundi orðið hafa ýmsum góðum piltum, sem seinna urðu læknar. Einnig kennararnir voru mikilsverðir menn, og einkum var prfessor Guðmundur heitinn Magnússon sá afbragðskennari, að ég hefi aldrei betri þekkt. En kennslubækurnar voru ekki allar að því skapi, og

minnist ég þess, að ég sá mér til nokkurrar undrunar, að höfundur mikillar bókar um líffærafræði (Anatomii), sem dr. Jónassen notaði við kennsluna, hafði ekki vitað, að spenar fílsins eru milli framfótanna (eða a. m. k. mjög nálægt þeim). Ég minnist þess einnig, að í kennslubók í sjúkdómafræði, sem lesin var fyrsta árið, stóð, að reynt hefði verið að koma í veg fyrir þvagrásarbólgu (sem er betra orð en „lekandi“) með því að dreypa sterku vítissteinsvatni nógu fljótt á þvagrásaropið. Enganveginn var þetta þó talið óyggjandi, og ég býst við, að það muni vera mjög fjarri því að vera þrautalaust. Af bókinni varð ekki annað ráðið, en að höfundinum væri alveg ókunnugt um, að það er til miklu auðveldari og alveg þrautalaus aðferð til að koma í veg fyrir sýkingu. Dæmi þau, sem ég veit um, að þessari aðferð hafi verið beitt, eru að vísu fá, en þau, sem nú skal sagt af, eru svo fróðleg, að líkast er því sem um vísindalega rannsókn á gildi aðferðarinnar hafi verið að ræða.

Tveir ungir menn, sem heima áttu í stórborg, voru eitt kvöld úti að skemmta sér. Þeir höfðu báðir samræði við sömu stúlkum. Annar viðhafði þá aðferð, að þvo sér vel eftirá og skola þvagrásina með vökva, sem líkaminn leggur sjálfur til, og í sérstaklega ríkum mæli, þegar nokkrum kvöldstundum hefir verið aðallega varið til að drekka öl. Þessi maður sýktist ekki. Hinn maðurinn gætti ekki þessarar varúðar og hann sýktist. Ég vissi nokkuð um síðari ævi beggja þessara manna. Þeir kvæntust báðir, og eignuðust góðar konur, að því er mér hefir sagt verið. En annað hjónabandið var barnlaust. Ég þarf víst ekki að segja hvort.

Annað dæmi, sem mér er kunnugt um, er þannig: Maður var með stúlkum eitt kvöld. Þó að hann vissi ekki annað en stúlkan væri heilbrigð, þótti honum varlegast að fara að eins og fyrri maðurinn, sem ég gat um. Hann sýktist ekki. Skömmu síðar var hann aftur með þessari sömu stúlkum, og gætti af einhverjum ástæðum ekki sömu varúðar og í fyrra skiptið; og nú sýktist hann. Alveg eins fróðlegt og fyrra dæmið er þetta síðara nú að vísu ekki, því að stúlkan gæti hafa verið heilbrigð fyrra skiptið; en þó mun varla þurfa að

gera ráð fyrir því.

Nú er að vísu penicillínið komið til sögunnar, og þvagrásarbólgaðan því miklu auðlæknaðri en áður, að því er sagt er. En betra er heilt en vel gróið, er fornt máltaðki, og mér virðist þessi möguleiki til að komast hjá sýkingu, vera þess verður, að sem flestir viti af honum. Og þó að það væru ekki nema fáeinir menn, sem slyppu við hina leiðu bólgu og þau eftirköst hennar, sem orðið geta, af því að grein þessi kemur fyrir almennings sjónir, þá þætti mér betur að verið en ekki.

III

Samfaraveikindin verður að telja til hinna leiðstu einkenna helstefnumannkyns, og svo seint koma þau til sögunnar hér á jörðu, að rétt virðist vera að líta á þau sem eitt af feigðarmerkjum mannkyns vors. Og er það vel sagt, að hin mesta nauðsyn sé á að útrýma þessum veikindum. Er nú að vísu auðveldara í þessu efni en áður, bæði vegna hinna nýju læknislyfja, og eins af því, að nú er ekki sú leynd yfir þessum málum, sem áður var. En þó virðast horfurnar á því, að þeim verði alveg útrýmt með aðferðum þeim, sem enn hafa verið reyndar, ekki miklar. En vel er ekki fyrr en þau eru alveg úr sögunni.

Nokkur aukinn skilningur á eðli og þýðingu ástarinnar getur orðið til þess, að mönnum verði ljósara hvernig allt þetta mál horfir við.

Þegar kynþroska er náð, vaknar í brjósti unglingsins rík þrá eftir hinum nánustu ástaratlotum. Frægasta skáld Svíð, Ágúst Strindberg, kallar „långa års kval“ þennan tíma, sem líður án þess að hinni vöknudu þrá sé fullnægt. Og hversu sterk hún er, jafnvel hjá þeim, sem hafa fengið að reyna eftir hverju er að sækjast, sýna hin mörgu dæmi þess, að menn hafa jafnvel hætt lífi sínu til að ná faðmlögum konu, sem þeim þótti góð. Og þó kemur þetta jafnvel ennþá betur í ljós, þegar þess er gætt, hvernig milljónir hafa hætt heilsu sinni, þar sem þó ekki var um neina ást að ræða, heldur aðeins að fullnægja líkamlegri þörf, líkt og menn, sárþyrstir eftir öræfagöngu, víla ekki fyrir sér að drekka vatn, sem þeir

loks ná til, þó að bæði sé óhreint og óhollt, einnig á annan hátt. Margir leita sér svölunar með því athæfi, sem nefnt er Ónaní, eftir manni, sem í bíblíunni segir að hafi látið „sæðið falla á jörð“. Í bókum, sem út komu fyrir 50—60 árum, mátti sjá talað um þetta athæfi sem mjög háskasamlegt, og var jafnvel kallað „svipa mannkynsins“ („Fléau de l'espéce humaine“), líkt og berklar eða krabbamein(!). Má nærri geta, hvort ekki muni ýmsum hafa skotið skelk í bringu, er þeir lásu slíkt. Nútíma læknar taka mannúðlegar á þessu, og gera lítið úr hættunni, eins og rétt mun vera. En þó er eins að gæta, sem vissulega er mjög viðsjárvert. Mikil hætta er á, að athæfi þetta dragi mjög úr hæfileikanum til að njóta unaðs ástarinnar, þegar loks er komið í hinn þráða konufaðm; eða á hinn veginn; því að einnig kvenfólkið hefst í einverunni að, það sem tilsvarandi er, þó að mun sjaldgæfara muni vera. En samstilling elskendanna þýðir í ástarefnum svo mjög mikið. Það er talað um, að sumar konur séu svo kaldar í eðli (frigid), að ástarfaðmlögin veiti þeim engan unað, og er slíkt illa farið, þar sem konan ætti nú einmitt, jafnvel ennþá fremur en karlmaðurinn, skilið, sakir erfiðleika þeirra, sem móðureðlið skapar henni, að njóta alls þess unaðar, sem ástin getur veitt. Annars eru þeir erfiðleikar helstefnueinkenni, sem á að hverfa og getur horfið. Gyðjurnar, þ. e. konur þess mannkyns, sem vel er komið áleiðis á braut hins sigursæla lífs, eru ekki veikar mánaðarlega, og eiga börn sín án þess að fæða þau — eins og vikið er að í einni og annarri goðafræði, þó að menn hafi ekki skilið það.

Í því, sem ritað er um kynferðismálín — en að slíku er víst mun meira gert nú en nokkru sinni áður — má sjá því haldið fram, að menn geti verið það sem kallað er skírlífir, sér að skaðlausu. En það er ekki satt. Þegar slíku er haldið fram, þá meta menn of litils þýðingu ástarinnar. Maðurinn sækir í faðm konunnar ekki einungis stuttrar stundar unað, ekki einungis þann frið, sem á eftir kemur. En til þess friðar er að rekja nafn Friggjar, sem æðst var af öllum gyðjum. Því að hin rétta mynd nafnsins er Friðig: sú sem veitir frið. Er nógu skrítið, er í Eddu segir, að önnur mynd nafns þessarar

himingyðju, sem hin æðsta frið veitir, sé Frigida, sem þýðir: hin kalda. Er þar merkilegt dæmi um stafavíxl þau, sem stórskaðleg eru, en nú svo algeng orðin, að full ástæða er til að tala um málsýki, sem gefa mætti nafnið metaþetismus (grískt orð, sem vel er fallið til að tákna þessa tilhneigingu til að hafa stafavíxl). En ekki þarf að efa, að nafn Friggjar er komið upp á æðra tilverustigi, eins og hið yndislega nafn „Sif“; en það þýðir: sú sem sefar þrá. En hversu mikið liggur við, að þeirri þrá sé fullnægt, skiljum vér ennþá betur, þegar vér vitum, að maðurinn sækir í faðm konunnar, ekki einungis unað og frið, heldur einnig aukinn þrótt, andlegan og líkamlegan, aukið líf. Getur svo mikið að þessu kveðið, að sumum finnist sem þeir hafi varla vitað hvað er að lifa, fyrr en þeir elskuðu. Ég hefi vitanlega ekki getað rannsakað þetta mál eins og á læknis færí hefði verið, en ævi míni er nú orðin nokkuð löng, og það er langt orðið síðan ég fór að veita þessu eftirtekt; og mér virðist, sem óhætt muni að segja, að yfirleitt aukist orka manna til muna, þegar þeir kvænast. Ég var fyrir löngu kominn að þessari niðurstöðu, þegar ég las bók eftir Alexis Carrel, sem var mjög nafnkunnur læknir og líffræðingur, þar sem hann heldur því fram, að konan nái ekki fullri fugurð og þroska fyrr en hún hefir alið eitt eða tvö börn. Virðist mér sem þetta sé í góðu samræmi við niðurstöður mínar.

Nú er þess að gæta, að menn kvænast vanalega ekki fyrr en allmörgum árum eftir að þeir hafa náð kynþroska og farið að þrá faðm konunnar. Og munu menn skilja ennþá betur en áður, hversu fávíslegt er að telja þessa þrá í eðli sínu syndsamlega — eins og þó hefir svo mjög gert verið — þegar þeir vita, að fullnæging hennar þýðir aukinn þroska sálar og líkama. En mjög líklegt er, að not þessarar fullnægingar, til aukins lífs, séu mun minni, ef lengi dregst að hún geti orðið.

Hve fávísir menn hafa verið í þessum efnunum má marka t. d. af því, að í ferðasögum frá Nýja-Sjálandi hefir mikið borið á undrun yfir hinum mikla þrótti og líkamsþroska, sem einkennir Maoríana, frumbyggja landsins, þar sem þó alvanalegt sé, að ástir takist þar svo snemma, að vér mund-

um telja á barnsaldri; elskendur séu þetta 12—13 ára. En þar hefir þó ekki verið um börn að ræða að líkamsþroska. Á Indlandi hefir mjög tíðkast, að taka sér börn fyrir konur, ekki einungis að árum, heldur einnig að þroska, svo ung, að jafnvel í því loftslagi er meybarnið ekki orðið að kvenmanni. Og afleiðingarnar hafa verið hinar herfilegustu. Miss Mayo af hinni kunnu læknaætt, hefir skrifað bók sem heitir, ef ég man rétt, „Mother India“, og þar sem er frá því sagt, að ýmsar af þessum ungu eiginkonum hafi verið komið með á sjúkrahús vegna alvarlegra meiðsla, jafnvel svo, að mjaðmariðurinn hafi sundur gengið, við hvílubrögð eiginmanna, sem hafa verið sterkir sem naut, og einnig álíka vitrir. Að leita þess hjá barni, sem einungis fullþroska kvenmaður getur veitt, er glæpsamlega vitlaust. En svo er hins að gæta, að jafnvel hér á landi má sjá 13 ára stúlkubörn, sem í raun réttri eru ekki börn nema að árum, og hafa náð fullum kvenlegum líkamsþroska. Og ekki er annað hægt en láta sér hugsast, hversu mikið skortir á, að því þjóðfélagi sé viturlega fyrirkomið, þar sem slíkar stúlkur verða að bíða önnur 13 ár eftir að eignast mann, jafnvel þó að kallað sé, að þær giftist ungar.

IV

Þar sem tekist hefir að hverfa frá helstefnunni, er hugarfar og breytni í ástarefnum gerólíkt því, sem hér á jörðu er ennþá. Þar hafa menn gert sér nægilega ljóst, að ástin, ekki síður en sannleikurinn, er leiðin til guðs; þ. e. hinnar æðstu fullkomnunar. En fyrr er ekki hin rétta stefna tekin en komið er á þá leið. Til er náttúrulögmál, sem vel má heita lex persistentiæ; en það er í því fólgíð, að hinn skapandi kraftur, eða hin skapandi þrá, leitast við að halda áfram með það, sem rétt stefnir, til sífellt vaxandi fullkomnunar T. d. verður haldið áfram með það, sem nú er mannlegur líkami, að því marki, að gegri geti ekki orðið, né heldur hraustari. Ekkert á að geta grandað honum. Lífið er ekki fullkomlega sigursælt fyrr en svo er. En spor á leið til aukinnar fegurðar og andlegs og líkamlegs þróttar væri það, ef

hjónabönd gætu tekist eins fljótt og þroski er til. Mundi þá fljótt verða sú framför í fólkini, að hjónaskilnaðir yrðu mjög sjaldgæfir, og eins illt samkomulag hjóna. Þegar vel er, og engin ellihrörnun verður til að eyða atgervinu, þá verður ástin því betri sem hún er eldri; og á hinum góðu framlífsjörðum eru 100 ára elskendur miklu sælli en nokkrir nýir geta orðið hér á jörðu. Sönn ást er samstilling til aukins sambands við hið æðra líf, og þannig hjálp til að nálgast það, og komast sjálfur á það stig fullkomnumar.